

Köfnunartrygging eldisdýra

Staðlað upplýsingarblað um vátryggingu



SKILMÁLI E-43

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **vátryggingarskírteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Mínum síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um vátryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt vátryggingarskírteini.

Hvernig trygging er köfnunartrygging eldisdýra?

Tryggingin er ætluð þeim sem sérhæfa sig í ræktun eldisdýra.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón sem verður þegar vátryggður stofn eldisdýra kafnar af völdum súrefnisskorts, sem rekja má til skyndilegar bilunar í búnaði sem stýringu, hitastigi eða rakastigi.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón sem orsakast af því að búnaður sem stýrir loftræsingu, hitastigi eða rakastigi getur ekki uppfyllt þær kröfur sem til er ætlast og rekja má til þess að eðlilegu viðhaldi hafi ekki verið sinnt.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á vátryggingarstað sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.
- ! Vátryggður skal sjá til þess að öryggiskerfi sem skynjar breytingar á hitastigi sé yfirfarið reglulega og prófun tryggji að boð berist til starfsmanna á vátryggingarstað og/eða stjórnstöð öryggiskerfis.



Hvar gildir tryggingin

Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er á vátryggingarskírteini



Hverjar eru skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Þegar tjón hefur orðið, eða þau atvik verða sem valdið geta tjóni, er vátryggðum skylt að tilkynna Verði það án tafar, auk þess sem hann skal tilkynna það lögreglunni ef um ólögmeðt athæfi er að ræða.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á visitölu frá grunnvisitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkort.



Hvenær hefst vátryggingaverndin og hvenær lýkur henni?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.